

Lög

um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum (frestun réttaráhrifa).

1. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. mgr. 32. gr. frestar kæra á ákvörðun Útlendingastofnunar um að útlendingur skuli yfirgefa landið ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar í þeim tilvikum sem falla undir d-lið 1. mgr. 32. gr. Ákvæði þetta gildir til 1. janúar 2017.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 13. október 2016.